



HRUNAMANNAHREPPUR

46. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 12. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 11. NÓVEMBER

2021 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 11. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Sigfríð Lárusdóttir sem varamaður Jóns Bjarnasonar og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir tvö mál, aðalfund Bergrisans b.s. og næsta fund sveitarstjórnar. Sveitarstjórn samþykkir að erindin verði lögð fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021.

Oddviti kynnti þriðja viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2021. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 19.000.000 og útgjöld um kr. 14.200.000. Gert er ráð fyrir neikvæðum breytingum á fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld að fjárhæð kr. 16.500.000 vegna aukinnar verðbólgu o.fl. Fjárfestingarkostnaður vegna gatnagerðar er hækkaður um kr. 23.000.000 þar sem aukinn kostnaður fellur til vegna aðgengis að félagsheimili og lækkun tekna vegna gatnagerðargjalda. Gert er ráð fyrir endurgreiðslu á fjárfestingu 2021 í fráveitu frá ríkissjóði sem nemi kr. 15.000.000 og lækkun á fjárfestingu í Hitaveitu og vatnsveitu vegna frestun verkefna. Heildarnettófjárfesting lækkar því um kr. 54.000.000. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 5.200.000. Sveitarstjórn samþykkir þriðja viðauka við fjárhagsáætlun 2021.

2. Lánasjóður sveitarfélaga: Lántaka.

Oddviti kynnti lán sem er tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna fjárfestingar sveitarfélagsins á árinu.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 27.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, verðbóta auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur sínar og framlög til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á gatnagerð sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

3. Kvænnaathvarfið: Styrkbeiðni.

Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna reksturs Kvænnaathvarfsins fyrir árið 2022. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000 sem verði tekið af deild 0281.

4. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

5. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Breyting á reglugerð 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti breytingu frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu á reglugerð 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga.
6. **Breytingar á samþykktum UTU bs.: Seinni umræða.**
Oddviti kynnti breytingar á samþykktum Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita b.s. (UTU) til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingar á samþykktum UTU og felur oddvita að undirrita þær.
7. **Breytingar á samþykktum Hrunamannahrepps: Fyrri umræða.**
Oddviti kynnti tillögu að breytingum á samþykktum Hrunamannahrepps til fyrri umræðu. Sveitarstjórn vísar málinu til seinni umræðu á næsta sveitarstjórnarfundum.
8. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Boð um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki.**
Oddviti kynnti boð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í umhverfisnefnd.
9. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis.**
Oddviti kynnti verkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna innleiðingar hringrásarkerfis. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í umhverfisnefnd.
10. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Ályktun bæjarráðs Árborgar um leikskólamál.**
Oddviti kynnti bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með ályktun bæjarráðs Árborgar um leikskólamál. Sveitarstjórn tekur undir ályktun bæjarráðs Árborgar.
11. **Staða framkvæmda: Hringtorg gatnagerð, Gröf gatnagerð og Kópsvatn-Garðastígur.**
Oddviti kynnti verkfundagerðir frá 21. október s.l. vegna Hringtorgs gatnagerð, Gröf gatnagerð og Kópsvatn-Garðastíg en þar var m.a. farið yfir stöðu verka og skýrðar út ástæður tafa á framkvæmdum. Sveitarstjórn samþykkir framkomnar skýringar á töfum verka. Sveitarstjóra falið að ræða við verktaka um útfærslur á framgangi verkanna. Fulltrúar D-lista hafa gagnrýnt verkfundargerðirnar og að lítið gagnsæi sé í þeim. Við fögnum því að loksins sé tekið tillit til þeirra athugasemda og verkfundargerðirnar nýttar eins og á að nýta þær.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

12. **Fundargerð 225. fundar skipulagsnefndar frá 13. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 225. fundar skipulagsnefndar frá 13. október s.l.. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi en málinu var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar.
Mál nr. 22. Reykjabakki, Reykjalaut: Lögbýli, deiliskipulag.
Lagt var fram nýtt deiliskipulag í landi Reykjabakka L166812 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði.
Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess. Í framlögðum athugasemdum vegna málsins felst að gerð er athugasemd við að ný aðkoma að svæðinu verði lögð um land Grafarbakka II spilda 1. Á þeim grunni hafnar landeigandi aðbyggjandi jarðar skipulagstillögunni alfarið. Vegagerðin hafði áður gert athugasemd við að núverandi tenging að skipulagssvæðinu væri ekki fullnægjandi með tilliti til umferðaröryggis.
Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Nefndin vísar því til málsaðila að semja við landeiganda aðbyggjandi lands Grafarbakki II spilda 1 um það landsvæði sem fyrirhugað er að þurfi að fara undir veg til að tengja lóð Reykjalautar við Hrunaveg með fullnægjandi hætti.
Nefndin tekur ekki undir athugasemdir landeiganda Laufskálabyggðar er varðar að notagildi og verðmæti landsins sé rýrt verulega með umræddri veglagningu. Um er að ræða um 80 metra heimreið sem gæti þá tekið til um 480 fm svæðis á túni sem er um 20.000 fm að stærð. Að mati nefndarinnar er notagildi landsins rýrt með óverulegum hætti en umferðaröryggi allra þeirra sem fara um Skeiða- og Hrunamannaveg og Hrunaveg stórbætt með samnýtingu tenginga. Sé horft til heildarhagsmuna íbúa sveitarfélagsins ítrekar skipulagsnefnd þá ósk að

hlutaðeigandi umsækjandi og Laufskálar ehf. semji um málið sín á milli um áður en deiliskipulag svæðisins tekur gildi.

Lagt er fram bréf dags. 27. október s.l. frá landeigendum deiliskipulagssvæðisins þar sem þeir fara fram á að sveitarstjórn samþykki deiliskipulagstillöguna þrátt fyrir andmæli aðliggjandi landeiganda vegna aðkomu að lóðinni sem liggur um land Grafarbakka II, spildu 1 í eigu Laufskála ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að afgreiðslu málsins verði frestað. Sveitarstjórn tekur undir afstöðu skipulagsnefndar um að málsaðilar deiliskipulagssvæðisins semji við landeiganda aðliggjandi lands að Grafarbakka II spildu 1 um það landsvæði sem fyrirhugað er að þurfi að fara undir veg til að tengja lóð Reykjalaugar við Hrunaveg með fullnægjandi hætti.

Jafnframt tekur sveitarstjórn undir rök skipulagsnefndar varðandi athugasemdir landeiganda Laufskálabyggðar um að notagildi og verðmæti landsins sé rýrt verulega með umræddri veglagningu en um er að ræða um 80 metra heimreið sem gæti þá tekið til um 480 fm svæðis á túni sem er um 20.000 fm að stærð. Að mati sveitarstjórnar yrði notagildi landsins rýrt með óverulegum hætti en umferðaröryggi allra þeirra sem fara um Skeiða- og Hrunamannaveg og Hrunaveg stórbætt með samnýtingu tenginga. Sé horft til heildarhagsmuna íbúa sveitarfélagsins ítrekar sveitarstjórn þá ósk að hlutaðeigandi umsækjandi og Laufskálar ehf. semji um málið sín á milli áður en unnt sé að taka deiliskipulagstillöguna til afgreiðslu hjá sveitarstjórn þar sem óumdeilt sé að deiliskipulagstillagan hefur áhrif á hagsmuni aðliggjandi landeiganda. Sveitarstjórn bendir á að samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins er ekki gert ráð fyrir aðkomu inn á skipulagssvæðið frá Hrunavegi og þá er vakin athygli á að ný aðkoma samkvæmt deiliskipulagstillögu er utan marka skipulagssvæðis tillögunnar.

13. Fundargerð 227. fundar skipulagsnefndar frá 10. nóvember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 227. fundar skipulagsnefndar frá 10. nóvember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar.

Mál nr. 21. Skollagróf: Efnistaka, aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna skilgreiningar á efnistökusvæði í landi Skollagrófar L166828 eftir kynningu. Innan tillögu er gert ráð fyrir 2 ha efnistökusvæði með heimild til að vinna allt að 40.000 m³ af efni og haugsetja samsvarandi magn af jarðvegi. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma aðalskipulagsbreytingarinnar.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki fyrirbyggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 vegna efnistökusvæðis í landi Skollagrófar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 vegna efnistökusvæðis í landi Skollagrófar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. nóvember s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. nóvember s.l.

14. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Arnesþings: Fundargerð 51. fundar frá 28. september s.l. Liður 8 í fundargerðinni þarfnast samþykkis.

Oddviti kynnti fundargerð 51. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál og farið yfir tillögu að hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings. Þá var farið yfir innleiðingu laga um samþætta þjónustu til farsældar barna, fyrirmynd að reglum sveitarfélaga um úthlutun sérstakra íprótta- og tómsundastyrkja fyrir börn, forvarnarteymi í grunnskólum og þemahefti um frístundarheimili. Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að hækkun á tekju- og eignaviðmiðunum sérstaks húsnæðisstuðnings en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. NOS bs.: Fundargerð stjórnar frá 13. október s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar NOS frá 13. október s.l. Þar samþykkt að fresta áður ákveðnum aðalfundi til 2. nóvember. Farið var yfir fjárhagsáætlun 2022. Forstöðumaður fór yfir niðurstöðu SVÓT greiningar frá starfsmönnum. Þá var farið yfir starfsmannamál og tilboð sem barst í verkefni við að innleiða farsældarfrumvarpið. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

16. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfnar bs.: Fundargerð aðalfundar frá 2. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnar bs. frá 2. nóvember sl. Þar var farið yfir starfsskýrslu 2020, ársreikning 2020 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Þá var rætt um breytingar á samþykktum, ráðningu löggilts endurskoðanda og kynnt var staða úttektar á Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnar. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2022 en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

17. Aðalfundur Bergrisans b.s.

Oddviti kynnti fundarboð á aðalfund Bergrisans b.s. sem haldinn verður í fjarfundi miðvikudaginn 24. nóvember n.k. og beiðni um tilnefningu á fulltrúum á fundinn. Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar Hrunamannahrepps á fundinum verði Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson og til vara Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir.

18. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 9. desember nk. kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Byggðarsafn Árneshöfnar: Fundargerð 22. fundar stjórnar frá 29. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Byggðasafn Árneshöfnar: Fundargerð 14. fundar bygginganefndar frá 29. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 214. fundar frá 1. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Fundargerð fundar um endurskoðun fjallskilasamþykktar fyrir Árneshöfnar austan vatna frá 13. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. Héraðsskjalasafn Árneshöfnar: Fundargerð stjórnar frá 6. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. Almannaþing Árneshöfnar: Fundargerð framkvæmdaráðs frá 13. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 305. fundar stjórnar frá 21. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

h. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 47. fundar stjórnar frá 8. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

i. Æskulýðsnefnd Hestamannafélaganna Loga og Smára: Ársskýrsla 2021.

Lagt fram til kynningar.

j. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Ársskýrsla 2020.

Lagt fram til kynningar.

k. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands: Ágóðahlutagreiðsla 2021.

Lagt fram til kynningar.

l. UTU bs.: Aðalskipulagsbreyting: Hlíð 1, breytt afmörkun frístundasvæðis.

Lagt fram til kynningar.

m. UTU bs.: Endurskoðað deiliskipulag: Hlíð spilda 1, frístundasvæði.

Lagt fram til kynningar.

n. UTU bs.: Deiliskipulagsbreyting: Kerlingarfjöll, Landvarðaskáli.

Lagt fram til kynningar.

o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 902. fundar stjórnar frá 29. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

p. Skipulagsdagurinn 12. nóvember n.k.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:11.